

Námsleið: STOÐ- Almennt nám stuðningsfulltrúa (40 st.)

Forsendur námsins

Tilgangur námsleiðarinnar er að bregðast við vaxandi þörf á starfstengdu námi fyrir stuðningsfulltrúa og að koma til móts við ákvæði í stofnanasamningi um símenntun. STOÐ er viðbót við núverandi námsframboð svo sem grunn- og framhaldsnám fyrir stuðningsfulltrúa og stendur því samhliða sem annarskonar nám sem eflir fólk í starfi. Námskeiðið er 40 stundir alls og hentar vel bæði nýliðum í starfi en einnig þeim sem hafa starfað lengi á sviðinu en vilja rifja upp aðferðir og skerpa sýn á fagmennsku.

Hönnun námsins byggir á þarfagreiningu meðal starfsfólks og stjórnenda á svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra um allt land. Fundað var tvisvar hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt þar sem allar svæðisskrifstofur áttu einn eða tvo fulltrúa og sátu fundina einnig framkvæmdastjóri Starfsmenntar og ráðgjafi. Þarfagreiningar voru unnar í héraði og niðurstöður sendar Starfsmennt sem setti fram heildarniðurstöður námsleiðarinnar.

Meginmarkmið námsins

Meginmarkmið námsins er að auka þekkingu og færni þeirra starfsmanna sem starfa í þjónustu við fólk með fatlanir á Íslandi. Þannig er jafnframt stuðlað að auknum lífsgæðum fólks með fatlanir svo sem líkamleg, efnisleg, félagsleg og tilfinningaleg. Aðallega er lögð áhersla á:

- Að auka faglega vitund og skilning þeirra starfsmanna sem starfa við að veita fólki með fötlun þjónustu.
- Að styrkja jákvætt viðmót og viðhorf þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu.
- Að auka almenna færni þeirra starfsmanna sem veita fólki sem býr við fötlun þjónustu.
- Að þjónustu við fólk með fatlanir hafi á að skipa sem hæfustu starfsfólki, sem er í stakk búið til að takast á við stuðningsstarf við fatlaða einstaklinga.

Yfirlit námsþátta

Námsgrein	Stundir
Hugmyndafræði fötlunar – Siðfræði í starfi	8
Líkamsbeiting og heilsa	8
Samskipti og sjálfstraust	12
Lyfjafræði	4
Viðbrögð við vá	2
Fundir, ritun og meðferð upplýsinga	6
Samtals	40

Námsþættir

Fundir og meðferð upplýsinga (6 st.)

Markmið

- Að þátttakendur séu sem best í stakk búnir til að sitja og taka þátt í árangursríkum fundum.
- Að þátttakendur geti tekið saman helstu niðurstöðu funda.
- Að þátttakendur þekki til helstu reglna í stafsetningu og íslenskri ritun.
- Að þátttakendur geri sér grein fyrir siðfræði í notkun internetsins.

Námslýsing

Farið er yfir fundarsköp svo sem fundarstjórn, fundarritun, mælendaskrá og tímastjórnun á fundum. Enn fremur eru kynntar helstu leiðir til að laga réttiritun og eru meginveikleikar hvers og eins þátttakenda í þeim efnum skoðaðir. Gerðar eru æfingar í skráningu gagna. Loks er fjallað um siðferði um notkun vefsíðna og netpósts á vinnustað.

Kennslufyrirkomulag

Kennslan er í formi fyrirlestra og æfinga. Þátttakendur vinna með hliðsjón að rituðum gögnum undir handleiðslu kennara.

Hugmyndafræði fötlunar – Siðfræði í starfi (8 st.)

Markmið

- Að þátttakendur læri grunnatriði þeirrar hugmyndafræði sem unnið er eftir í þjónustu við fólk með fötlun í nútímassamfélagi.
- Að þátttakendur öðlist skilning á helstu hugtökum og færni í vinnu með fötluðum fólk og geti notað þau við raunverulegar aðstæður.
- Að þátttakendur geri sér grein fyrir þeim siðareglum sem almennt gilda í þjónustu við fólk.
- Að þátttakendur hafi forsendur til þess að setja sig í spor þeirra sem búa við fötlun og virði manngildi þeirra sem nota þjónustuna.

Námslýsing

Fjallað er um hvernig hugmyndafræði hefur áhrif á gildismat fólks og gæði þjónustu. Farið er í mikilvægi virðingar fyrir einstaklingnum, sem og í þagnarskyldu og trúnað. Hugtökin valdefling og notendavæn þjónusta eru til skoðunar og jafnframt rætt um starfsviðhorf.

Nemendum eru kynntar þær meginhugmyndir sem koma fram í lögum, reglugerðum og öðrum viðmiðunum um málefni fatlaðra. Farið er yfir siðareglur svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra og bent er á lög sem snúa að starfinu, svo sem um málefni fatlaðra og um almannatryggingar.

Kennslufyrirkomulag

Kennslan er í formi fyrirlestra og/eða innlagnar á efni, umræðna og verkefna, sem byggja á raunhæfum dæmum. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda og aðleiðslunám þar sem dregin er fram sú þekking sem þátttakendur hafa fyrir.

Nemendum er enn fremur leiðbeint um hvernig finna megi vefsíður sem innihalda lög og reglugerðir sem varða málefni fatlaðra sem og einstaka vefsíður stofnana sem máli skipta.

Líkamsbeiting og heilsa (8 st.)**Markmið**

- Að þátttakendur þekki leiðir til að draga úr líkamlegu og andlegu álagi við vinnu.
- Að þátttakendur fái æfingu í réttri líkamsbeitingu og vinnutækni við mismunandi aðstæður og störf.
- Að þátttakendur þekki hina ýmsu þætti í vinnuumhverfi sínu sem hafa áhrif á líkamlega og andlega líðan.
- Að þátttakendur öðlist þekkingu á mikilvægi heilbrigðs lífnis sem fyrirbyggjandi þáttar í daglegu lífi fólks.

Námslýsing

Fjallað er um líkamsbeitingu, mataræði, hreyfingu, svefn, streitu og geðheilbrigði. Sérlega er farið í líkamsbeitingu þátttakenda þegar þeir nota hjálpartæki í starfi. Einnig er farið í hvaða áhrif lífshættir hafa á heilbrigði og með hvaða leiðum má hafa áhrif á lífsstíl.

Kennslufyrirkomulag

Innlögn á efni leiðbeinanda, æfingar í líkamsbeitingu og verkefni. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda og aðleiðslunám þar sem þekking og reynsla þátttakenda er dregin fram.

Lyfjafræði (4 st.)**Markmið**

- Að þátttakendur læri að þekkja helstu flokka lyfja og við hvaða kvillum þau eru gefin.
- Að þátttakendur læri að þekkja helstu verkun lyfja á líkamann og frásög þeirra.

Námslýsing

Fjallað er um algengustu lyfjaflokka, hvaða kvillum þeim er beint gegn, áhrif og aukaverkanir. Námsefnið tekur mið að algengustu röskunum og lyfjum meðal fólks með fatlanir svo sem geðrænum vandamálum.

Kennslufyrirkomulag

Kennsla fer fram í formi fyrirlesturs, umræðu og jafnvel verkefna sem byggja á raunhæfum dæmum af vinnustöðum þátttakenda.

Samskipti og sjálfstraust (12 st.)

Markmið

- Að þátttakendur þekki og geti notað nokkur lykilatriði sem líkleg eru til árangurs í samskiptum og samvinnu svo sem hlustun og úrlausn árekstra.
- Að auka þekkingu og skilning þátttakenda á því hvað er góður starfsandi og hvað þarf til að viðhalda honum.
- Að þátttakendur öðlist skilning og þjálfun í að vinna í teymisvinnu.

Námslýsing

Fjallað er um grunnþætti samskipta svo sem færni í hlustun, ákveðni, að takast á við árekstra og að geta leyst verkefni í samvinnu. Nokkrir þættir sem líklegir eru til þess að skapa góðan starfsanda á vinnustað eru teknir til umfjöllunar og eru ýmsir þættir menningarinnar skoðaðir í því samhengi. Einnig er fjallað um mikilvægi þess fyrir samvinnu fólks að það búi yfir sveigjanleika til þess að takast á við mismunandi aðstæður.

Kennslufyrirkomulag

Innlögn á efni, verkefni, samskiptaæfingar og umræður. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda og aðleiðslunám þar sem dregin er fram sú þekking og reynsla sem þátttakendur búa yfir.

Viðbrögð við vá (2 st.)

Markmið

- Að þátttakendur geti greint hættuástand meðal skjólstæðinga og brugðist við því.
- Að þátttakendur þekki vel til verkferla innan heimilis eða stofnunar þegar hætta steðjar að.
- Námslýsing

Fjallað er um öryggismál á vinnustöðum þátttakenda og verkferla þegar hætta steðjar að. Farið er í hvernig best má bregðast við örlyndi skjólstæðinga.

Kennslufyrirkomulag

Innlögn á efni og umræður út frá raunhæfum dæmum af vinnustöðum þátttakenda. Lögð er áhersla á aðleiðslunám.

Námsmat

Frammistaða og framfarir þátttakenda eru metnar samfellt af leiðbeinendum og þátttakendum í gegnum allt námskeiðið sem og með verkefnavinnu. Mæting, stundvísi og virkni í kennslustundum eru að auki mikilvægur mælikvarði á árangur þátttakenda.